



Fundur háskólaráðs 19. október 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 16.10.2000 14:32:23
Dags: 19.10.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

13/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 19. október var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Tillaga um að eftirtalin verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn hlutafélags um Rannsókn- og háskólanet sem er í undirbúningi.

Aðalmenn: Þórður Kristinsson, kennslustjóri
Sæþór Jónsson, forstöðumaður RHÍ
Ebba Þóra Hvannberg, dósent

Varamenn: Jón Torfi Jónasson, prófessor
Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor
Helgi Þorbergsson, dósent

Samþykkt einróma.

- 1.2 Tillaga um að eftirtalin verði í stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum.

Félagsvísindasvið: Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent
Hugvísindasvið: Dagný Kristjánsdóttir, dósent
Heilbrigðisvísindasvið: Páll Biering, sérfræðingur
Verk- og raunvísindasvið: Edda Benediktsdóttir, fræðimaður
Háskólaráð: Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent
Rannveig Traustadóttir, dósent

Varamenn háskólaráðs: Herdís Sveinsdóttir og Ingólfur Gíslason.
Samþykkt einróma.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagt fram bréf frá Þórði Kristinssyni, kennslustjóra, ásamt tillögu kennslumálanefndar að vinnureglum um úthlutun úr kennslumálasjóði.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur, skrifstofustjóra félagsvísindadeildar, þar sem farið er þess á leit að félagsvísindadeild verði veitt undanþága frá 58. gr.

reglugerðar um nafnleynd í prófum.

3. Mál á dagskrá

3.1 Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.

Áætlunin var rædd á síðasta fundi ráðsins. Fram var lagt bréf frá jafnréttisnefnd dags. 19.10.00 með endurskoðaðri tillögu að jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000 – 2004. Jafnréttisáætlunin var samþykkt samhljóða.

3.2 Nafnleynd í prófum.

Fram var lagt minnisblað frá kennslumálanefnd um nafnleynd í skriflegum prófum og prófnúmerakerfi ásamt bréfi dags. 17. þ.m. þar sem fram kemur að það sjónarmið nýtur meirihluta í nefndinni að það verði á valdi hvernar deildar fyrir sig að ákveða hvort nafnleynd sé viðhöfð í skriflegum prófum eða ekki.

Þá var lögð fram ályktun Stúdentaráðs frá 3. þ.m. þar sem S.H.Í. ítrekar stuðning sinn við upptöku nemendanúmera við próftöku í Háskóla Íslands.

Málið var rætt ítarlega og mæltu fulltrúar stúdenta fyrir prófnúmerum, en fulltrúar fræðasviða (deilda) töldu að þetta eigi að vera á valdi hvernar deildar fyrir sig.

Samþykkt var að vísa framkomnum beiðnum deilda um undanþágur frá reglugerðinni til umsagnar háskólafundar, enda kalla þær á reglugerðarbreytingu.

3.3 Erindi Raunvísindastofnunar.

Inn á fundinn kom Stefán Arnórsson, formaður stjórnar Raunvísindastofnunar, og mælti fyrir ósk stjórnar Raunvísindastofnunar um stuðning háskólaráðs við það sjónarmið að stofnunin verði áfram sjálfstæður liður í fjárlögum, sbr. bréf stjórnarinnar dags. 6. þ.m. Staða Raunvísindastofnunar innan Háskóla Íslands var rædd og svaraði Stefán framkomnum spurningum og athugasemdum.

Samþykkt var samhljóða að styðja sjónarmið stjórnar Raunvísindastofnunar.

3.4 Vinnureglur um eignaskrá Háskóla Íslands sem kynntar voru á síðasta fundi voru samþykktar samhljóða.

4. Önnur mál

4.1 Rektor var einróma falið að undirbúa tillögur til umsagnar háskólafundar um 10. gr. reglugerðar er lýtur að stjórnarsýslu Háskóla Íslands.

4.2 Náttúrufræðahús.

Rætt var um framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands og sérstaklega um byggingu Náttúrufræðahúss. Fram var lagt minnisblað rektors um Náttúrufræðahús og yfirlit yfir framkvæmdafé Háskólans 1978 – 1999.

Háskólaráð óskaði eftir greinargerð bygginganefndar um Náttúrufræðahúsið þar með talið fjárhagsáætlanir og framkvæmdaáætlun frá upphafi.

Fleira var ekki gert
Fundu slitið kl. 15:15